



## 13. fundur stjórnar LH

Haldinn 16. júní 2017 að Skógarhólum, Þingvöllum

**Mættir:** Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Helga B. Helgadóttir ritari, Andrea M. Þorvaldsdóttir.

**Fjarverandi:** Eyþór Jón Gíslason, Haukur Baldvinsson, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Sóley Margeirsdóttir, S. Rúnar Bragason, Ingimar Ingimarsson, Stefán Ármannsson, Magnús Benediktsson.

**Gestir:** Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir nemi í Háskólanum í Reykjavík (HR), Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur og kennari í HR, Berglind Ragnarsdóttir bókarí LH, Hilda Karen Garðarsdóttir og Hjörný Snorradóttir starfsmenn LH.

### 1. Fundargerð

Fundargerðum 10., 11. og 12. fundar frestað, verða sendar til samþykktar í tölvupósti.

### 2. Kynning á samstarfi LH og HR

Hafrún Kristjánsdóttir og Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir kynntu samstarfsverkefnið, sem er hugsað sem meistaraverkefni Vilfríðar. Sögðu frá hvernig það hefur gagnast öðrum íþróttagreinum og hvernig það getur gagnast hestaíþróttinni. Um er að ræða reglulegar mælingar bæði á líkamlegu og sálfræðilegu ástandi (knapa) tekna með ákveðnu millibili og niðurstöður nýttar í að greina hvaða þjálfun viðkomandi þarf á að halda. Samþykkt að ganga til samninga við verkefnið til tveggja ára og verður það hluti af verkefni afrekshóps LH. Kostnaður LH verður 35.000 pr mánuð. Senda VFS og HK staðfestingu á samstarfi (skrifstofa).

### 3. Íslandsmót yngri flokka/hesthúspláss

Fyrirspurn barst til stjórnar um að hlutast til um það, að ekki verði innheimt gjald fyrir hesthúspláss á Íslandsmóti yngri flokka sem haldið verður á Hólum í sumar. Rök bréfitara voru að undanfarin ár hafi mótshaldarar Íslandsmóta ekki innheimt gjald vegna hesthúsa og því komin ákveðin hefð á það. Stjórn LH beinir því til framkvæmdaraðila mótsins að hlutast til um að gjaldtöku vegna hesthúspláss verði stillt í hóf og helst endurgjaldslaust fyrir keppendur. Senda bréf til mótshaldara (skrifstofa).

### 4. Gæðingakeppni / C flokkur

Samþykkt var á síðasta Landspingi að bjóða uppá keppni í C flokki í gæðingakeppni. Keppnisnefnd LH óskar eftir að stjórn samþykki, samkvæmt tillögu keppnisnefndar, að leyfður verði pískur í C flokki. Samþykkt.

### 5. Skýrsla framkvæmdastjóra LM2016

Gagnleg og ítarleg skýrsla sem gefur gott yfirlit yfir mótið í heild sinni. Mikil ánægja er með störf framkvæmdastjóra mótsins. Þessu tengt, LÁH greindi frá heimsókn sinni í ráðuneyti vegna löggæslumála á landsmótum, málið er þar enn í vinnslu.



**6. Úrtaka og landslið**

Mótið heppnaðist vel og var opnað fyrir þátttakendur í úrtöku að ríða úrslit. Umræða um fyrirkomulega úrtöku til framtíðar, verður tekið fyrir síðar.

**7. Fundur með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**

LÁH og Jón Baldur Lorange hittu þorgerði Katrínu ráðherra, fóru yfir WF verkefnið og buðu ráðherra á Heimsleikana í Hollandi sem hún og þáði. Jákvæður og góður fundur. Forseti Ísland hefur einnig þáð boð á mótið. Kanna hvenær þeirra er von (skrifstofa).

**8. Ársreikningur LH**

Reikningar tilbúnir til skoðunar fyrir stjórn. Berglind gjaldkeri kynnti gróflega og óskaði eftir fyrirspurnum og athugasemdum.

**9. Önnur mál**

- a. *Felix félagakerfi ÍSÍ*. Kerfinu var breytt og virkar nýja útgáfan mjög illa, sýnir ekki réttan fjölda félagsmanna, virkar ekki á mótum okkar félaga með meiru. Elias hjá Felix, svarar litlu og virðist ekki hafa nein svör. LÁH hefur samband við ÍSÍ vegna málsins, þetta þarf að komast í lag strax!
- b. *Sportfengur/Kappi* ekki kominn í gagnið, þrátt fyrir að það hafi staðið til í langan tíma. Gamla útgáfan virkar afar illa. Kalla þarf eftir upplýsingum (skrifstofa) um hvað veldur þessum tölum og leggja áherslu á að koma nýju útgáfunni í gagnið.
- c. *Svarbréf til MÆ*. Verður sent í næstu viku (skrifstofa).
- d. *Verndaráætlun þjóðgarðsins*. Bréf barst til formanna vegna verndaráætlunar þjóðgarðsins. LH átti fulltrúa í SAMÚT, þarf að athuga stöðu hans og skipa formlega í sætið.
- e. *Valgreiðsla vegna landsliðsins*. Samþykkt að senda valgreiðslu til hestamanna í landinu til stuðnings landsliðsins í hestaíþróttum.
- f. *Skeiðmet*. Óskað er eftir staðfestingu á met í skeiði sem sett var af Konráð Val Sveinssyni á Gæðingamóti Fáks í maí. Ákveðið að fresta ákvörðun þar til nánari upplýsingar fást.

*Ekki fleira fært til bókar. Fundi slitið kl. 18.45.*

*Fundargerð ritaði Helga B. Helgadóttir*